

Úthlutunarreglur Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Hlutverk

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar mun veita árlega styrki til umhverfisverkefna í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni.

2. gr.

Markmið með umhverfisstyrkjum

Markmið með umhverfisstyrkjum er fegurra umhverfi í bæjarfélaginu.

3. gr.

Úthlutanir á umhverfisstyrkjum

Umhverfisnefnd fer með afgreiðslu umsókna og styrkveitingar.

Áður en til styrkveitingar kemur metur umhverfisnefnd hvort hún telur umsókn styrkhæfa. Umhverfisnefnd metur styrkhæfi og upphæð styrks með tilliti til verkefnis hverju sinni.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og verða þeir greiddir út að verki loknu eða við ákveðin áfangaskil. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað, fellur styrkurinn niður.

4. gr.

Auglýsing um styrki til umhverfisverkefna

Styrkir til umhverfisverkefna skulu að jafnaði auglýstir um mánaðamótin febrúar-mars á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og í héraðsfjölmiðlum. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera fjórar vikur.

5. gr.

Almennt um umsóknir

Umsóknir um umhverfisstyrki skulu bera greinilega með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsóknunum skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
2. Nafn þess er annast samskipti við umhverfisnefnd.
3. Nákvæm lýsing verkefnisins.
4. Tíma- og kostnaðaráætlun.

6. gr.

Gildistaka.

Úthlutunarreglur þessar eru settar skv. heimild í fjárhagsáætlun og öðlast þær þegar gildi.

Ísafjarðarbær, 9. febrúar 2005.

Umhverfisnefnd:

Birna Lárusdóttir, formaður

Magdalena Sigurðardóttir

Sæmundur Kr. Þorvaldsson

Björgmundur Ö. Guðmundsson

Kristján Kristjánsson